

Níddust á þrettán ára dreng

● Fjórir skipverjar á fiskiskipi dæmdir í skilorðsbundið fangelsi fyrir að beita 13 ára dreng, sem fór í 10 daga veiðiferð með skipinu, kynferðislegri áreitni ● Faðir drengsins skipverji og segist hafa brugðist

Héraðsdómur Reykjaness hefur dæmt fjóra skipverja á fiskiskipi í skilorðsbundið fangelsi fyrir að beita 13 ára dreng, sem fór í 10 daga veiðiferð með skipinu, kynferðislegri áreitni og níddast á honum með margvíslegum hætti. Veiðiferðin sem um ræðir stóð yfir dagana 19.-28. júlí í fyrra. Ekki kemur fram í dómnum um hvaða skip er að ræða né heimahöfn þess.

Ákærurnar gegn skipverjunum voru í sex liðum.

Einn skipverjinn var dæmdur í 3 mánaða skilorðsbundið fangelsi, einn í 2 mánaða og tveir í 45 daga skilorðsbundið fangelsi. Þeir játuðu sök að hluta en gerðu lítið úr málinu og eftir einum er haft að þetta hafi verið „svona væg busun“.

Þeir lýstu stemningunni um borð þannig, að hún hefði verið fin. Menn hefðu verið að klæmast, en það hefði ekki verið neitt alvarlegt. Þá hefðu þeir ríðlast hver á öðrum og gjarnan ver-



Morgunblaðið Ómar

íð slegið létt í rass þeirra sem beygðu sig niður en það hefði ekki verið neitt kynferðislegt.

Einn mannaanna var m.a. sakfelldur fyrir að bera kynferi sin og ota þeim að andliti drengsins þegar félagi hans sagðist ætla að „þunga hann“. Annar var sakfelldur fyrir að láta

drenginn horfa á klámmynd. Drengurinn lýsti því að honum hefði þótt myndin ógeðsleg og hann hefði reynt að halda fyrir eyru sín og koddá fyrir andliti sínu.

Drengurinn upplifði algert hjálparleysi

Fram kom að drengurinn hefði upplifað algert hjálparleysi þar sem hann hefði ekki ráðið líkamlega við skipverjana og verið hættur að búast við því að einhver kæmi honum til bjargar þar sem þeir hefðu allir brugðist honum að því leyti.

Faðir drengsins var skipverji á skipinu og varð hann vitni að sumu því sem gert var við son hans. Haft er eftir honum í dómnum, að honum hefði fundist hann hafa brugðist drengnum með því að gripa ekki fyrr inn í en raun bar vitni. Hefði hann verið á sjó í 25 ár og aðrei upplifað hegðun eins og hafi tókast um borð í þessu skipi.

„Ég bara þekki það ekki, ég var ekki nema þrjátíu ár á sjó og ég þekki ekkert svoteiðis lagad“, sagði Sævar Gunnarsson, formaður Sjómannasambands Íslands, aðspurður í samtali við fréttavefinn mbl.is, hvort „busanir“ í takt við þá sem fjallað er um í dómi Héraðsdóms Reykjaness tókist almennt á meðal sjómanna.

Að sögn Sævars eiga svona mál heima í fortíðinni. „Það var hérna í eldgamla daga en það var fyrir mína tíð og ég byrjaði á sjó árið 1960,“ segir Sævar og bætir við að hann hafi heyrt sögur af slíkum hlutum þegar hann hóf fyrst störf sem sjómaður en ávallt álitit að um sögu-sagnir væri að ræða enda hafi hann aðrei á sínum 30 ára ferli sem sjómaður orðið var við slíkar busanir í framkvæmd.

Meira á mbl.is

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2011, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. nóvember 2011 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkningar er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2011, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabíla, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendra framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðfútningsgjöldum, skilgjalda á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fiskisjúkdómagjalda, jarðarafgjaldi, sektum skatttrannsóknarstjóra, ógreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt eignabótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verzlunar- og skrifstofuhúsnæði, ógreiddar barnabætur, ógreiddar vaxtabætur og útvargsgjald.

Fjármáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangöldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda. Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldenda. Fjármámsgjöld í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagskostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, áfreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að startsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lövgæð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2011

Tollstjóri	Sýslumaðurinn í Bolungarvík	Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn í Kópavogi	Sýslumaðurinn á Patreksfirði	Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði	Sýslumaðurinn á Hólumvík	Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn í Keflavík	Sýslumaðurinn á Siglufirði	Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn á Akranesi	Sýslumaðurinn á Sauðárkróki	Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn í Borgarnesi	Sýslumaðurinn á Blönduósi	Sýslumaðurinn á Hvalsvíli
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi	Sýslumaðurinn á Akureyri	
Sýslumaðurinn í Búðardal	Sýslumaðurinn á Húsavík	
Sýslumaðurinn í Ísafirði	Sýslumaðurinn á Seyðisfirði	



Morgunblaðið RAX

Fjalldalur Hann er fríðaður, en þó ekki allt vatnasvið Dyngjandisár.

Jarðvarmi sparaði 2.420 milljarða kr. á fjórutíu árum

Andri Karl andri@mbi.is

Hagræn greining

Uppsafnaður sparnaður Íslendinga af því að nota jarðvarma í stað olíu á árunum 1970-2010 nemur um 2.420 milljörðum krónum á verðlagi í júní 2010 og er þá miðað við 5% raunvexti. Þetta er mat Orkustofnunnar og kemur fram í nýrri skýrslu um virði vatns. Er þá lítið til þess að ef jarðvarma til húshitunar á Íslandi nýti ekki við væri líklegt að olía væri nýtt í staðinn.

Í skýrslunni kemur fram að nýting vatns á Íslandi sé í samræmi við hversu ríkt landið er af vatni. Áætlað hefur verið að ferskvatnsforði á hvern íbúa samsvari um 532 þúsund tonn sem er ríflega sexfadur forði Norðmanna. Þá séu önnur nágrannalönd mun fátækari af vatni. Tekið er sem dæmi að forði Dana, Breta og Þjóðverja samsvari einungis 2-3 þúsund tonn um hvern íbúa.

Að sama skapi nýttu Íslendingar á árunum 2005-2007 að meðaltali um 269 rúmmetra á ári á hvern íbúa. Það er ríflega tvöfalt meiri nýting en í flestum nágrannalöndum okkar.

Rennismælur á öll heimili

Í niðurstöðukafla skýrslunnar er á það bent að verðlagning á köldu vatni og fráveitu hér á landi sé ekki í samræmi við vatnstilskipunina sem samþykkt var í september 2007. Er það vegna þess að gjaldit byggist ekki á raunverulegri nýtingu vatns heldur sé miðað við fasteignamat húsnæðis. „Slík gjaldtaka stuðlar ekki að hagkvæmri nýtingu vatns.“ segir í skýrslunni og að eðlilegt sé að velja fyrir sér hvort skynsamlegt sé að setja upp slíka rennismæla á öll

Umhverfisstofnun fól Hagfræðistofnun Háskóla Íslands fyrir á árinu að gera hagræna greiningu á nýtingu vatns á Íslandi, freista þess að leggja mat á virði vatns hér á landi og spá fyrir um vatnsnýtingu fram til ársins 2015.

Verkefnið er liður í að innleiða vatnatilskipunina sem hin sameiginlega EES-nefnd staðfesti 28. september 2007.

um heimilum til að fara eftir vatnatilskipuninni. Þá er á það bent að gjaldtaka fyrir nýtingu á heitu vatni byggist í sumum tilfellum á rennismæli.

Kostnaður við uppsetningu rennismæla á öll heimili á landinu fyrir kalt vatn er talið geta numið 1 til 2,5 milljörðum króna, og líklegri að kostnaðurinn sé í efri mörkum. Í ljósi þeirra miklu vatnsauðlinda sem Ísland býr yfir er engu að síður eðlilegt að skoða uppsetningu þeirra, segir í skýrslunni.

Tap á rekstri fráveitna

Á það er bent að af rekstrarreikningi þeirra vatns- og hitaveitna sem sundurliða tekjur og gjöld eftir veitustarsemi megi ætla að vatns- og hitaveitur hafi almennt verið reknar með hagnaði á tímabilinu 2005-2009. Þó var tap á rekstri árið 2008.

Tap var aftur á móti á rekstri fráveitna öll þessi ár, sérstaklega árið 2008.